

Stimpilklukka

Starfsmaður	Inn (raun)	Út (raun)	Verk	Tegund	Athugasemd	Klst. (raun)	#
Hjalti Þór (180818)	1 feb. 2020 07:35	1 feb. 2020 16:08	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,55	
Hjalti Þór (180818)	2 feb. 2020 07:27	2 feb. 2020 16:07	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,67	
Hjalti Þór (180818)	3 feb. 2020 07:29	3 feb. 2020 16:07	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,63	
Hjalti Þór (180818)	4 feb. 2020 07:24	4 feb. 2020 16:06	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,70	
Hjalti Þór (180818)	5 feb. 2020 07:57	5 feb. 2020 16:14	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,28	
Hjalti Þór (180818)	6 feb. 2020 07:31	6 feb. 2020 16:07	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,60	
Hjalti Þór (180818)	7 feb. 2020 07:06	7 feb. 2020 16:01	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,92	
Hjalti Þór (180818)	8 feb. 2020 07:22	8 feb. 2020 16:05	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,72	
Hjalti Þór (180818)	9 feb. 2020 07:24	9 feb. 2020 16:06	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,70	
Hjalti Þór (180818)	10 feb. 2020 07:19	10 feb. 2020 16:04	Talning á lager (00835)	Vinna	Ég er að vinna..	8,75	

Dæmi um stimpilklukku hreyfingar fyrir febrúar mánuð 2020 í dk+

Stimpiltegundir

Stimpilklukkan hefur fjórar grunn stimpiltegundir. Þær eru **Vinna**, **Veiki ndi**, **Veikindi barns** og **Frí**.

Hægt er að stofna fleiri stimpiltegundir en tengja þær við **Tegund** og **dk Tegund**.

Það er svo að hægt sé að vita dk stimpilklukku megin af hvaða tegund stimplunin er svo að hægt sé að reikna laun út frá því.

Skýrslur

Hægt er að taka út skýrslur undir Skýrslu flípanum.

Velja þarf **Frá** og **Til** dagsetningar en núverandi mánuður er sjálfvirkur valinn.

Hægt er að velja **einn eða fleiri starfsmenn** í fellilistanum til að skoða eina stóra skýrslu.

Annaðhvort er hægt að **skoða** skýrslu eða fá hana **senda á netfang** viðkomandi sem er innskráður.

Stillingar

Almennt Stimpiltegundir Skýrslur

Ný stimpiltegund: Bæta við stimpiltegund(um) Tegund: Vinna DK Tegund: Vinna

Stimpiltegundir:

Vinna	Vinna
Veikindi	Veikindi
Veikindi barns	Veikindi
Frí	Frí
Vinna að heima	Vinna

Endursetja lista

Vista

Listi stimpiltegunda. Athugið að búið er að stofna stimpiltegundina **Vinna að heiman**

Sjálfvirkar stimplanir

Notast er við skilgreinda **Vinnutíma** á starfsmönnum til að stimpla starfsmenn sjálfkrafa út ef þeir hafa gleymt því.

Vinnsla fer af stað á klukkutíma fresti og skráir starfsmenn út ef þeir hafa verið skráðir inn í meira en **16 klukkustundir** og eru þeir skráðir út m.v endatíma vinnutímans.

Vinnslan skoðar einnig hvort starfsmaðurinn sé skráður í **Frí** eða **Veikindi/Veikindi barna** og skráir þá starfsmanninn út og inn í frí/veikindi næsta vinnudag m.v vinnutíma.

Dæmi

Jónas stimplar sig **inn í Frí** á fimmtudegi og segir yfirmanni sínum að hann komi til vinnu á þriðjudag. Þegar liðið hafa meira en **16 klukkustundir** frá því að hann skráði sig inn mun **vinnslan skrá hann út**. Næst mun vinnslan sjá að hann sé stimplaður inn á **Frí** og stofna nýja færslu með byrjunartíman m.v vinnutíma Jónasar (segjum 08:00). Þetta gengur koll af kalli þar til Jónas mætir til vinnu á þriðjudegi. Ef til er sjálfvirk færsla þegar Jónas skráir sig inn þá sér stimpilklukkan um að eyða henni.

Inn (raun)	Út (raun)	Verk	Tegund	Athugasemd
4 mar. 2020 08:00		Frí (0102)	Frí	Sjálfvirk stimplun
3 mar. 2020 08:00	3 mar. 2020 18:00	Frí (0102)	Frí	Sjálfvirk stimplun
2 mar. 2020 08:00	2 mar. 2020 18:00	Frí (0102)	Frí	Sjálfvirk stimplun

Vinnsla skráir starfsmann inn og út þar til hann mætir til vinnu aftur.
Hægt er að sjá í **Athugasemd** að færslan var stofnuð sjálfvirk.

Senda yfir í dk

Á síðu stimpilklukku hreyfinga er að finna takkann

[→ Færa færslur](#)

Þar er hægt að senda stimpilklukku færslur úr dk+ kerfinu yfir í dk. Val er um að senda yfir í **dk-stimpilklukka** eða **dk-verkbókhald**.

Athugið

Athugið að yfirfærsla notast við sama tímabil og valið er til að sía færslur.




Þegar smellt er á [Færa í dk](#) fer af stað vinnsla í bakgrunni sem færir færslurnar yfir og sendir viðkomandi sem framkvæmdi aðgerðina tölvupóst með upplýsingum um fjölda færslna, upplýsingar um hvaða færslur voru sendar yfir, villur og fleira.

dk-stimpilklukka

Eldra stimpilklukkakerfi er að finna inni í dk forritinu. Ef nota á launakeyrsur í dk á innstíplanir þarf fyrst að færa stimpilklukkufærslur úr dk+ yfir í dk.

dk-verkbókhald

Hægt er að færa dk+ stimpilklukkufærslur yfir í verkbókhald í dk ef notast er við **verk** í stimpilklukkunni. Þá stofnast færsla í verkdagbók starfsmannsins með dagvinnu/yfirvinnu tímum (ef notast er við [vinnutíma](#)).



Viðmótið fyrir það að færa færslur.

Búið er að velja að færa yfir í **dk-stimpilklukka** fyrir **alla starfsmenn**.